

Mars 2020



# Verkefnaáætlun 2020-2022

Stefnumarkandi  
landsáætlun um  
uppbyggingu innviða til  
verndar náttúru og  
menningarsögulegum  
minjum

**Stjórnarráð Íslands**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

**Útgefandi:**

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Mars 2020

uar@uar.is

www.uar.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti / Dagný Arnarsdóttir og Bjargey Guðmundsdóttir

©2020 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

ISBN 978-9935-9390-9-8

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur .....</b>	<b>6</b>
<b>2. Samþykkt stefnumótun .....</b>	<b>7</b>
<b>3. Áætlun um fjármögnun .....</b>	<b>8</b>
<b>4. Tillaga að ráðstöfun.....</b>	<b>9</b>
<b>5. Óstaðbundin áhersluverkefni 2020-2022.....</b>	<b>10</b>
<b>6. Staðir til sérstakrar skoðunar .....</b>	<b>11</b>
<b>7. Tillögur að áherslum árin 2020-2022.....</b>	<b>12</b>
7.1 Ferðamannastaðir og -svæði.....	12
Vesturland.....	14
Vestfirðir.....	17
Norðvesturland.....	19
Norðausturland.....	21
Austurland.....	24
Suðurland.....	26
Suðvesturland.....	31
7.2 Ferðamannaleiðir.....	33

# Myndaskrá

Mynd 1 Skipting landshluta í landsáætlun. <i>Skipting byggir á svæðum landshlutasamtaka og er hún höfð til hliðsjónar. Suðurnes og höfuðborgarsvæðið eru sameinuð í einn landshluta, Suðvesturland.</i> .....	13
Mynd 2 Vestfirðir – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022. <i>Punktur sem sýna nýja staði eru skyggðir.</i> .....	18
Mynd 3 Norðvesturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022. ....	20
Mynd 4 Norðausturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022. <i>Punktur sem sýna nýja staði eru skyggðir.</i> .....	23
Mynd 5 Austurland – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022. <i>Punktur sem sýna nýja staði eru skyggðir.</i> .....	25
Mynd 6 Suðurland – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022. <i>Punktur sem sýna nýja staði eru skyggðir.</i> .....	30
Mynd 8 Suðvesturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022. <i>Punktur sem sýna nýja staði eru skyggðir.</i> .....	32

# Töfluskrá

Tafla 1 Fjármögnun landsáætlunar 2020-2022. ....	8
Tafla 2 Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2020-2022.....	9
Tafla 3 Óstaðbundin áhersluverkefni 2020-2022.....	10
Tafla 5 Vesturland. <i>Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.</i> .....	14
Tafla 6 Vestfirðir. <i>Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.</i> .....	17
Tafla 7 Norðvesturland. <i>Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.</i> .....	19
Tafla 8 Norðausturland. <i>Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.</i> .....	21
Tafla 9 Austurland. <i>Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.</i> .....	24

Tafla 10 Suðurland. <i>Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.</i> .....	26
Tafla 11 Suðvesturland. <i>Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.</i> .....	31
Tafla 12 Samantekt á áætluðum verkefnum á ferðamannaleiðum árin 2020-2022. <i>Upphæðir koma einnig fram í lista yfir ferðamannastaði á viðkomandi landssvæði.</i> .....	33

# 1. Inngangur

Hér er lögð fram framkvæmdáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vegna áráanna 2020-2022. Þessi þriggja ára verkefnaáætlun leysir af hólmi fyrri áætlun fyrir 2019-2021 sem gefin var út í mars 2019.

Hér er einnig gerð grein fyrir því fjármagni sem ráðstafað hefur verið til áætlunarinnar og þeim verkefnum sem stefnt er að á gildistíma hennar.

Með þessari áætlun er haldið áfram að takast á við mikla og uppsafnaða þörf fyrir innviðauppbyggingu á svæðum sem búa við álag af völdum ferðamennsku. Jafnframt er vaxandi þörf á fjármagni til viðhalds og reksturs þeirra innviða sem byggðir hafa verið.

Vert er að nefna að með þessum tillögum og fjármagni er einungis hægt að mæta hluta þeirra verkefnatillagna á stöðum, leiðum og svæðum sem verkefnisstjórn taldi þörf á að byggja upp, lagfæra eða verja fyrir ágangi. Jafnframt er einungis hægt að ráðast í takmarkaðan hluta þeirra nauðsynlegu innviðaverkefna á stöðum, leiðum og svæðum áætlunarinnar, svo og landvörslu. Verkefni áætlunarinnar munu því í mörgum tilvikum ekki ljúka uppbyggingu staða eða leiða, heldur ná einungis til afmarkaðra innviða innan þeirra.

## 2. Samþykkt stefnumótun

Þessi framkvæmdáætlun styður við stefnu stjórnvalda á sviði uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum í náttúru landsins, en hinn 11. júní 2018 samþykkti Alþingi þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029 á grundvelli laga nr. 20/2016. Þar ályktaði Alþingi að á árunum 2018–2029 yrði unnið að uppbyggingu innviða í samræmi við áætlunina sem felur í sér markmið um: a. stýringu og sjálfbæra þróun, b. vernd náttúru og menningarsögulegra minja, c. öryggismál, d. skipulag og hönnun, og e. ferðamannaleiðir.

Til leiðsagnar við gerð landsáætlunar setti umhverfis- og auðlindaráðherra jafnframt fram eftirfarandi stefnumótandi áherslur:

- Að lögð sé sérstök áhersla á að sinna stöðum og svæðum sem eru friðlýst og vernd þeirra minja sem þar eru.
- Að jafnframt sé lögð áhersla á þá staði og svæði sem eru undir miklu álagi vegna ferðamanna og náttúra og minjar hafa látið á sjá.
- Að áhersla sé lögð á eflingu landvörslu sem aðgerðar til verndar náttúru og minja auk eftirlits og þjónustu.
- Að áhersla sé lögð á að útfæra leiðir til stýringar á umferð ferðamanna í þágu verndar náttúru og minja og verði það gert með tilliti til almennaréttar.
- Að lögð sé áhersla á að áætlunin stuðli að aukinni fagmennsku, vandaðri hönnun sem fellur vel að landslagi, bættu skipulagi og góðum vinnubrögðum við uppbyggingu innviða.
- Að unnið sé að langtímasýn, samræmingu vinnu og samhæfingu þeirra aðila sem koma að vernd náttúru og minja.

### 3. Áætlun um fjármögnun

Í fjárlögum vegna ársins 2020 og fjármálaáætlun fyrir næstu ár er gert ráð fyrir því að árlegt framlag til landsáætlunar jafnist út, en framlagið var vaxandi á fyrstu árum áætlunarinnar. Þannig er þessi þriggja ára verkefnaáætlun vegna áráanna 2020-2022 lögð upp með ráðstöfun á 3.092 m.kr. til verkefna í samræmi við ákvæði laga nr. 20/2016 og fyrirbyggjandi stefnumótun (Tafla 1).

**Tafla 1 Fjármögnun landsáætlunar 2020-2022.**

Ár	Fjárlög 2020 og fjármálaáætlun 2021-2022
2020	1.037.200.000
2021	997.200.000
2022	1.057.200.000
<b>Samtals</b>	<b>3.091.600.000</b>



## 4. Tillaga að ráðstöfun

Verkefnisstjórn gerir tillögu að eftirfarandi ráðstöfun fjármuna vegna 2020-2022.

Langstærsti hluti fjármagns landsáætlunar um innviði fer til uppbyggingar efnislegra innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannstöðum. Er gert ráð fyrir um 3012 m.kr. til slíkra verkefna. Nánar er gerð grein fyrir ráðstöfun fjármuna til innviða í þessari greinargerð.

Landsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir ýmsum óstaðbundnum verkefnum sem gagnast öllum stöðum. Stefnurmarkandi landsáætlun tilgreinir fjölmörg áhersluatriði sem bíða innleiðingar. Hér ber einkum að nefna vinnu starfshóps um samræmingu, góða hönnun, val á efni og áherslu á fagmennsku við innviðauppbyggingu. Einnig er um að ræða óstaðbundin verkefni sem snúa að aukinni eftirfylgd með verkefnum með það að markmiði að ná fram aukinni hagkvæmni, skoða heildarlausnir þegar við á og bæta upplýsingar sem ákvarðanataka og forgangsröðun nýrra verkefna grundvallast á. Er það í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga nr. 20/2016 um landsáætlun. Nema óstaðbundin verkefni um 80 m.kr. á tímabili áætlunarinnar.

Sérstakt 150 m.kr. framlag er á lokaári áætlunarinnar, 2022, til staða þar sem umfangsmikil uppbygging stendur fyrir dyrum.

Fyrir hvert ár er jafnframt gert ráð fyrir fjármagni til að takast á við ófyrirséð verkefni, bráðaaðgerðir og ný friðlýst svæði. Nú stendur yfir átak í friðlýsingum og fyrirséð að mörg svæði, sem búa við álag af völdum ferðamennsku, munu hljóta friðlýsingu á næstu árum. Slíkt kallar á að hægt sé að fylgja friðlýsingunni úr hlaði með verndaraðgerðum og viðeigandi uppbyggingu. Undir þetta geta einnig fallið ófyrirséð verkefni sem geta tengst aðstæðum í náttúru, s.s. aurbleytu, og lokunum eða bráðaaðgerðum í tengslum við þær. Einnig geta ófyrirséð verkefni lotið að viðgerð innviða ef ófremdarástand blasir við, s.s. fráveitna og salerna. Loks þarf að gera ráð fyrir viðbót nýrra svæða eða verkefna við áætlunina innan gildistíma hennar, en oft getur þurft að bregðast hratt við nýjum aðstæðum og auknu álagi á viðkomandi stað. Eru þetta 167 m.kr. vegna ársins 2020, 125 m.kr. vegna ársins 2021 og 147 m.kr. vegna ársins 2022, samtals 439 m.kr.

Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til landvörslu árin 2020-2022 af landsáætlun, en landvarsla á vegum stofnana ríkisins hefur verið aukin til muna með varanlegu fjármagni.

**Tafla 2 Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2020-2022**

Verkefni 2020-2022	Fjármunir
Staðir á landsáætlun - Efnislegir innviðir	2.423.477.200
Óstaðbundin áhersluverkefni	79.122.800
Uppbygging fjölsótttra staða árið 2022 – efnislegir innviðir	150.000.000
Bráðaaðgerðir, ný friðlýst svæði, o.fl. - efnislegir innviðir	439.000.000
<b>Samtals</b>	<b>3.091.600.000</b>

## 5. Óstaðbundin áhersluverkefni 2020-2022

Lagt er til fjármagn til nokkurra óstaðbundinna áhersluverkefna á áætluninni fyrir árin 2020-2022. Slík verkefni eiga að ná fram markmiðum laganna, án þess að tengjast beint tilteknum stöðum og vinnur verkefnisstjórn að útfærslu þeirra með viðkomandi ábyrgðaraðilum. Til ráðstöfunar eru samtals um 80 m.kr. til slíkra verkefna á tímabilinu.

**Tafla 3 Óstaðbundin áhersluverkefni 2020-2022**

	Verkefni	Markmið	Aðilar
1	Aukin fagþekking, bætt hönnun og samræming við innviðaupbyggingu	<p>-Að efla fagþekkingu þeirra aðila sem vinna að uppbyggingu innviða. Með því er hægt að auka gæði innviðaupbyggingar, draga úr hættu á ónauðsynlegu raski og nýta fjármagn betur.</p> <p>-Að auka fagþekkingu á sviði hönnunar innviða í náttúrunni þannig að þeir falli sem best að landslagi og stuðli að jákvæðri upplifun gesta.</p> <p>-Að samræma yfirbragð miðlunar og merkinga milli aðila sem bera umsjónarlega ábyrgð.</p>	Samstarfshópur um eflingu fagþekkingar, hönnunar og samræmingu við uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum (skipaður þann 30. apríl 2018)
2	Verkefnaáætlun landsáætlunar – Aukin hagkvæmni, gæði og umbætur	Verkfæri og samstarf með það að markmiði að auka eftirfylgd með verkefnum, ná fram aukinni hagkvæmni, skoða heildarlausnir þegar við á og bæta upplýsingar sem ákvarðanatoka og forgangsroðun nýrra verkefna grundvallast á. Er þetta í samræmi við 3. gr. laga nr. 20/2016 um landsáætlun þar sem kveðið er m.a. á um að horft sé til heildarlausna í uppbyggingu innviða og að tekið sé mið af því að fjármunir nýtist sem best.	UAR
3	Sjálfbærni ferðamannastaða	Að stuðlað sé að því að ferðamannastaðir sem tengjast áætluninni séu til fyrirmyndar hvað sjálfbærni varðar s.s. hvað varðar flokkun úrgangs, framboð af drykkjarvatni og hleðslu rafbíla. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum styrkjum af landsáætlun til slíkra verkefna, heldur að tryggja samræmi við aðrar áætlanir.	Verkefnisstjórn
4	Framkvæmd stefnumarkandi landsáætlunar 2018-2029	Ýmis verkefni við framkvæmd og eftirfylgni stefnumarkandi landsáætlunar (þingsályktun nr. 27/148), s.s. vegna vinnuhópa og útgáfu.	Verkefnisstjórn

## 6. Staðir til sérstakrar skoðunar

Til viðbótar meðfylgjandi listum yfir staði eru hér tilgreindir staðir til viðbótar, en ástæða er til að hafa þá til sérstakrar skoðunar á gildistíma áætlunarinnar. Fylgjast þarf með ástandi og þróun þeirra með tilliti til mögulegrar innviðabætur í tengslum við landsáætlun. Þessir staðir eru Helgustaðanáma (friðlýst svæði), Flatey (vesturhluti, utan friðlands), Hjörleifshöfði, Glymur, Goðafoss, Kirkjufellsfoss, Skálar á Langanesi, Brúarfoss, Sólheimajökull og Reykjanesfólkvangur (Leiðarendi; Stapar við Kleifarvatn; Vigdísarvellir). Á mörgum þessara staða er jafnframt lögð áhersla á landvörslu og eflingu hennar.

Auk ofangreindra staða verður Þeistareykjahraun tekið til sérstakrar skoðunar á árinu 2020. Einnig verður litið til niðurstaðna ástandsmats áfangastaða varðandi svæði í hættu á að tapa verndargildi sínu.

# 7. Tillögur að áherslum árin 2020-2022

## 7.1 Ferðamannastaðir og -svæði

Hér fylgir yfirlit yfir þá ferðamannastaði sem aðild eiga að landsáætlun og stutt lýsing á þeim aðgerðum sem ráðast á í á tímabili þessarar framkvæmdaáætlunar (2020-2022). Áætlunin er unnin á grunni forgangsöröðunar og í samræmi við fjármögnun áætlunarinnar.

Um er að ræða þriðju verkefnaáætlun landsáætlunar sem gildir fyrir tímabilið 2020-2022. Önnur verkefnaáætlun landsáætlunar, fyrir árin 2019-2021, kom út í mars 2019.

Endurskoðun þriðju verkefnaáætlunar hófst haustið 2019. Umsjónaraðilar staða sendu að beiðni verkefnisstjórnar inn yfirlit tillagna og í framhaldi af því óskaði verkefnisstjórn eftir ítarlegum gögnum vegna staða og verkefna sem hún hugðist taka til frekari afgreiðslu í ár. Tillögur sem ekki hlutu brautargengi í annarri verkefnaáætlun, fyrir ári síðan, voru skoðaðar að nýju en litið er svo á að verkefnatillaga gildi í tvö ár. Yfirferð gagna stóð yfir frá október 2019 til janúar 2020. Alls bárust ítarlegar tillögur um hátt í 100 ný verkefni, auk þeirra 34 tillagna sem skoðaðar voru í annað sinn.

Forgangsöröðun staða og verkefna var unnin á grunni stefnumarkandi landsáætlunar sem samþykkt var af Alþingi í júní 2018.

Skilgreindir ferðamannastaðir, ferðamannaleiðir og ferðamannasvæði á landsáætlun, þar sem aðgerðir hafa þegar hafist fyrir tilstuðlan landsáætlunar eða eru fyrirhugaðar til og með 2022, eru nú 119 talsins. Hefur þeim fjölgað um 19 frá fyrri áætlun.

Af þessum 119 stöðum, svæðum og leiðum voru 23 eingöngu á áætlun árána 2018 og/ eða 2019, en aðgerðum er ýmist lokið í bili eða er að ljúka. Þessir staðir eru samt áfram viðföng landsáætlunar að svo stöddu og ekki er litið svo á að þeir séu farnir af landsáætlun þó svo að engin verkefni séu á áætlun 2020-2022. Staðirnir koma fram á landshlutakortum sem hér fylgja á eftir. Þetta eru:

Blanda við Geldingafell	Hólmanes	Skrúður í Dýrafirði
Djáknadys í Hamarsfirði	Hveravellir	Skútustaðagígar
Flateyjarfriðland	Kálfaströnd, Klasar	Snorralaus
Landmannahellir	Kirkjugólf	Surtshellir (Vígishellir, afhellir)
Gamla Brekkurétt við Grábrók	Kolgríma	Svarthöfði/Vonarskarð
Gunnhver	Hlöðuhellir	Vikraborgir
Hallormsstaðaskógur	Rútshellir	Þjórsárdalur - minjasvæði
Heinabergslón	Skálholt	

Í fyrri áætlun voru tilteknir 14 staðir sem taka skyldi til skoðunar við næstu endurskoðun. Fengu þeir sérstaka umfjöllun við endurskoðun og hlutu tveir þeirra aðild að landsáætlun 2020-2022. Aðrir staðir verða áfram til skoðunar (sbr. 7. kafla hér að ofan) og nýr staður hefur bæst við.

Einnig hafði verkefnisstjórn til hliðsjónar í sinni vinnu áfangastaðaáætlanir (DMP) fyrir landshluta, en ekki er þar í öllum tilvikum kveðið skýrt á um forgangs röðun framkvæmda á ferðamannastöðum í viðkomandi landshluta.

Í þessari áætlun eru nokkur verkefni sem lúta að ferðamannasvæðum en ekki einstaka stöðum. Um getur verið að ræða verkefni um bættar merkingar innan tiltekins stjórnunarsvæðis, endurbætur og tengingar náttúrustíga innan svæðis, styrking umgjarðar um minjaheildir undir álagi af völdum ferðamennsku, o.fl. Áfram verður unnið með svæðanálgun fyrir tiltekna samræmdar aðgerðir á stórum svæðum.

Ferðamannastaðir eru sýndir á kortum sem skipt er upp eftir landshlutum. Ljóst er að uppsöfnuð þörf fyrir innviðaupbyggingu er mikil um allt land en þó mest á Suðurlandi og þ.a.l. eru flestir staðir á því landsvæði. Á Suðurlandi er jafnframt að finna hlutfallslega fjölsóttu ferðamannastaði, bæði á hálandi og láglendi, og kallar uppbygging staða af þeirri stærðargráðu á sérstaka nálgun, s.s. staðbundna framkvæmdaáætlun.

Unnið verður að nánari útfærslu verkefna og verkáætlaða í samvinnu við viðkomandi umsjónaraðila.

Hefðbundnir fyrirvarar eru settir um breyttar forsendur á innleiðingartíma áætlunarinnar hvað varðar staði, verkefni, fjármögnun og aðra þætti sem lúta að breytingu á umsjón og eignarhaldi. Öll verkefni á landsáætlun eru sett fram með fyrirvara um að umsjónaraðilar veiti allar umbeðnar upplýsingar sem varða samninga um framkvæmd verkefna.

Áætlunin verður endurskoðuð reglulega í takt við þætti eins og þróun álags og ástandsmat á stöðum.




**Mynd 1 Skipting landshluta í landsáætlun.** Skipting byggir á svæðum landshlutasamtaka og er hún höfð til hliðsjónar. Suðurnes og höfuðborgarsvæðið eru sameinuð í einn landshluta, Suðvesturland.

## Vesturland

**Tafla 4 Vesturland.** Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2020-2022
Andakíll, Blautós og Innstavogsnes, Geitland	Umhverfisstofnun	Búsvæði, Ramsar-svæði, friðland	Merkingar á friðlýstum svæðum á Vesturlandi	3.800.000
Arnarstapi - Hellnar	Umhverfisstofnun	Friðland	Tveir útsýnispallar, endurbætur og viðhald innviða, frágangur göngustígar, merkingar.	34.000.000
Búðir (friðland)	Umhverfisstofnun	Friðland	Gönguleiðir um hraunið, endurnýjun merkinga.	3.500.000
Eldborg í Hnappadal	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Bílastæði, göngubrú, merkingar.	24.500.000
Glanni-Paradísarlaut	Borgarbyggð	Á jaðri svæðis á Náttúruminjaskrá	Bætt salernisaðstaða og bílastæði.	5.600.000
Grábrók	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Áframhald uppbyggingar göngupalls frá bílastæði upp á topp Grábrókar, tenging göngustígs við Gömlu Brekkurétt.	3.000.000
Hraunfossar - Barnafoss	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Undirbúningur innviðauppbyggingar	5.000.000
Krosslaug í Lundareykjadal	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Náttúrustígur umhverfis laugina, merkingar (umgengnisreglur).	2.000.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Djúpalónssandur	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Endurnýjun salerna við Djúpalónssand, merkingar, bætt gönguleið (hringleið), hlaðnir útsýnispallar.	20.000.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Dritvík	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Lagfæring og viðhald á göngustíg milli Djúpalónssands og Dritvíkur, hlaðin stígur að hluta.	12.000.000

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / gönguleiðir	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Framkvæmd - umbætur á gönguleiðakerfi þjóðgarðsins, leiðum fjölgað og merkingar bættar	9.600.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / <b>Malarrið</b>	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Framkvæmdir við umhverfi gestastofu, m.a. malbikun bílastæðis, áningarstaðir. Uppbygging áningarstaðar við Malarriðsvita.	43.800.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / <b>Saxhóll</b>	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Bætt bílastæði, útsýnispallur, merkingar.	25.800.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / <b>Skarðsvík</b>	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Stækkun og malbikun bílastæðis.	15.000.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / <b>Svalþúfa</b>	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Útsýnispallur, öryggisgirðingar, merkingar.	9.500.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / <b>Öndverðarnes</b>	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Bættur göngustígur	2.000.000
<b>Samtals</b>				<b>219.100.000</b>




Mynd 2 Vesturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022. Punktur sem sýna nýja staði eru skyggðir.



## Vestfirðir

**Tafla 5 Vestfirðir.** Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2020-2022
Dynjandi	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Lokafrágangur salernishúss, nýir útsýnispallar.	49.800.000
Friðland Hornstrandir / Hesteyri	Umhverfisstofnun	Friðland	Þjónustuhús og aðstaða.	16.000.000
Friðland Hornstrandir / Hornvík	Umhverfisstofnun	Friðland	Viðhald og færsla göngustíga	3.000.000
Látrabjarg (Bjargtangar og Brunnar í Látravík)	Umhverfisstofnun	Á Náttúruminjaskrá og í friðlýsingarferli	Uppbygging og viðhald göngustíga, merkingar, önnur uppbygging innviða í samvinnu við landeigendur.	30.927.200
Litlibær í Skötufirði	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafriðun)	Uppbygging þjónustuhúss í endurbyggðri hlöðu. Merkingar og göngustígar.	37.600.000
Vatnsfjörður	Umhverfisstofnun	Friðland	Göngustígar	4.050.000
Samtals				<b>141.377.200</b>




Mynd 2 Vestfirðir – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022. Punktar sem sýna nýja staði eru skyggðir.

## Norðvesturland

**Tafla 6 Norðvesturland.** Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2020-2022
Borgarvirki	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á Náttúruminjaskrá	Lokaáfangi uppbyggingar	3.000.000
Hegranesþing í Skagafirði	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Verndaraðgerðir, afmörkun minja.	1.000.000
Hvítserkur	Húnaþing vestra	Á Náttúruminjaskrá	Innviðaupbygging í samráði við landeigendur og sveitarfélag	18.000.000
Þrístapar	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Lagfæring minja, bætt upplýsingagjöf um fornminjar á staðnum.	2.500.000
Örlygsstaðir í Skagafirði	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Verndaraðgerðir, afmörkun minja, hönnun og göngustígur frá bílastæði að minjasvæði.	9.300.000
Samtals				<b>33.800.000</b>




Mynd 3 Norðvesturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022.

## Norðausturland

**Tafla 7 Norðausturland.** Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2020-2022
Ásbyrgi	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Útsýnispallur	17.500.000
Dettifoss vestan	Vatnajökulsþjóðgarður	Í jaðri/umsjá þjóðgarðs	Framkvæmdir skv. deiliskipulagi: Göngupallar útistandandi áfangar, undirbúningur nýs þjónustusvæðis, lokið við þurrsalernisaðstöðu.	125.000.000
Dimmuborgir	Landgræðsla ríkisins	Friðlýst sem náttúruvætti	Lagning göngustíga, göngu- og hjólaleið frá Þjóðvegi, útsýnisstaður, umbætur á hreinlætisaðstöðu, áningarstað og útsýnisskifu, viðgerðir og lagfæringar á stígum.	28.600.000
Drekagil	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Skipulagsvinna	5.000.000
Friðland Svarfdæla	Umhverfisstofnun	Friðland	Endurnýjun og uppbygging stígs milli Hánefsstaðaskógar og Húsabakka	4.800.000
Gásir	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á Náttúruminjaskrá	Verndaráætlun	2.000.000
Herðubreið, Gljúfrasmíður, Herðubreiðarlindir og Grafarlönd	Vatnajökulsþjóðgarður	Friðlýst og í jaðri/umsjá þjóðgarðs	Uppbygging innviða og bættar merkingar við Herðubreið, Gljúfrasmíð, Herðubreiðarlindir og Grafarlönd.	5.200.000
Hofstaðir	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Skipulagsvinna	1.000.000
Hólmatungur	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Þurrsalerni	28.000.000

<b>Jökulsárgljúfur</b>	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Standsetning hjóla- og reiðleiðar: Stígur frá Ási niður í Ásbyrgi gerður aðgengilegur hjólreiðafólki og umferð gangandi og hjólandi ferðafólks þannig aðgreind.	10.000.000
<b>Sauðanes á Langanesi</b>	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafriðun)	Deiliskipulag minjastaðarins að Sauðanesi	2.000.000
<b>Vaglaskógur</b>	Skógræktin	Önnur flokkun	Bygging þjónustuhúss – eldaskála	35.000.000
<b>Vesturdalur / Langavatnshöfði</b>	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Upplýsingamiðstöð, þurrsalerni, malbikaður stígur frá bílastæði, útsýnispallur á Langavatnshöfða.	67.500.000
<b>Samtals</b>				<b>338.100.000</b>




Mynd 4 Norðausturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022. Punktar sem sýna nýja staði eru skyggðir.

## Austurland

**Tafla 8 Austurland.** Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2020-2022
Blábjörg	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Tröppur, göngustígur og merkingar	3.000.000
Fjářborg í Mjóafirði	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Lagfæring á hleðslum, merkingar (umgengnisreglur).	6.000.000
Galtastaðir fram	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafriðun)	Bílastæði, merkingar, göngustígur, girðing.	9.300.000
Hengifoss	Fljótsdalshreppur	Á Náttúruminjaskrá	Stækkun bílastæðis 2. áfangi, viðhald göngustíga.	10.000.000
Krepputunga	Vatnajökulspjóðgarður	Þjóðgarður	Þurrsalerni við Kverkjökul, lagfæring á göngubrú.	26.500.000
Teigarhorn	Umhverfisstofnun	Fólkvangur og náttúruvætti	Uppbygging þjónustuhúss að Teigarhorni í samstarfi ríkis og sveitarfélags. Afmarkanir, merkingar, stígar.	60.100.000
Samtals				<b>114.900.000</b>





**Mynd 5 Austurland – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022.** *Punktur sem sýna nýja staði eru skyggðir.*

## Suðurland


**Tafla 9 Suðurland.** Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2020-2022
Álftaversgígar	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Greiningarvinna	1.500.000
Dverghamrar	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Merkingar	800.000
Dyrhólaey	Umhverfisstofnun	Friðland	Áframhaldandi uppbygging innviða: endurskoðun deiliskipulags, uppbygging göngustíga, hringleiðir, lokafrágangur bílastæðis, merkingar, afmarkanir og öryggisgirðingar.	146.100.000
Fjaðrárgljúfur	Umhverfisstofnun	Á Náttúruminjaskrá	Endurskoðun á deiliskipulagi, gerð göngustígs. <i>Með fyrirvara um samþykki landeigenda.</i>	58.900.000
Friðland að fjallabaki – allt stjórnunarsvæðið	Umhverfisstofnun	Friðland	Bættar merkingar á svæðinu. Viðhald og styrking eldri göngustíga.	40.500.000
Friðland að fjallabaki / Landmannalaug	Umhverfisstofnun	Friðland	Endurnýjun göngustígs við laugina, frumathugun, 1. áfangi uppbyggingar við Landmannalaug.	78.900.000
Friðland að fjallabaki / Laugahringur, Laugavegur	Umhverfisstofnun	Friðland	Annar áfangi lagfæringar á göngustíg um Laugaveg frá Vondugiljaaurum að Brennisteinsöldu.	51.000.000
Friðland að fjallabaki / Laugavegur - leið	Umhverfisstofnun	Friðland	Árlegt viðhald náttúrustíga.	750.000
Friðland að fjallabaki / Rauðufossar	Umhverfisstofnun	Friðland	1. áfangi í uppbyggingu verndarinnviða á grunni skipulags og hönnunar.	59.000.000

<b>Geysir</b>	Umhverfisstofnun	Á náttúruminjaskrá, er í friðlýsingarferli	Hönnun og framkvæmdir innan Geysissvæðis á grunni deiliskipulags.	74.750.000
<b>Gjáin í Þjórsárdal</b>	Umhverfisstofnun	Nýfriðlýst svæði	Verndaraðgerðir og uppbygging í Gjáinni, merkingar, afmarkanir.	63.200.000
<b>Gullfoss</b>	Umhverfisstofnun	Friðland	Lokaáfangi í endurnýjun útsýnispalls (D1), nýr stígur (A1 frá D2).	55.000.000
<b>Haukadalsskógur</b>	Skógræktin	Nærri jaðri svæðis á Náttúruminjaskrá	Viðhald og uppbygging gönguleiða í Haukadalsskógi og tenging við Geysissvæðið	6.000.000
<b>Háalda</b>	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Merkingar	600.000
<b>Hjálparfoss</b>	Skógræktin / Umhverfisstofnun	Nýfriðlýst svæði	Bætt salernisaðstaða, viðhald gönguleiða og aðstöðu.	2.000.000
<b>Ingólfshöfði</b>	Umhverfisstofnun	Friðland	Lagfæringar á stígum, merkingar.	3.100.000
<b>Jökulsárlón</b>	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Skilgreindar framkvæmdir á grunni sérstakrar áætlunar, deiliskipulags og stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins.	105.000.000
<b>Keldur á Rangárvöllum</b>	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafriðun)	Stækkun og frágangur bílastæðis sunnan heimreiðar, bygging salernis- og þjónustuhúss.	28.400.000
<b>Kerlingarfjöll</b>	Umhverfisstofnun	Í friðlýsingarferli sem landslandsverndarfl. og í tengslum við Rammaáætlun 2.	Lokunarslá	2.300.000
<b>Laki</b>	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Bráðaaðgerðir og 1. áfangi enduruppbyggingar stígs.	49.200.000
<b>Laugarvatn</b>	Skógræktin	Á Náttúruminjaskrá	Uppbygging og viðhald gönguleiða.	2.000.000
<b>Laugavegur, frá Landmannalaugum í Þórsmörk - leið</b>	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Friðland, á náttúruminjaskrá	Laugavegur - Tilraunaverkefni um gönguleiðir.	30.000.000

Lónsöræfi	Vatnajökulsþjóðgarður	í jaðri/umsjá þjóðgarðs	Hlutdeild í endurbyggingu 26 metra langrar göngubrúar	15.000.000
Reykjadalur		Á Náttúruminjaskrá	Áframhaldandi lagfæring á stígum/viðhald	15.000.000
Sandfell í Örafum	Vatnajökulsþjóðgarður	í jaðri/umsjá þjóðgarðs	Salerni við upphaf gönguleiðar	10.000.000
Skaftafell	Vatnajökulsþjóðgarður	þjóðgarður	Pallur í Lambhaga og lokaáfangi í úrbótum á fráveitumálum.	55.000.000
Skaftafellsheiði	Vatnajökulsþjóðgarður	þjóðgarður	Endurbætur á heiðinni og tröppur	10.000.000
Skaftáreldahraun	Skaftárhreppur	Á Náttúruminjaskrá (hluti hrauns), hluti innan þjóðgarðs	Ýmis verkefni tengd gróðurvernd og endurheimt.	2.000.000
Skógafoss / láglendi	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Afmarkanir vegna öryggismála, merkingar. Bílastæði, tröppur, malbikun stígs frá þjónustuhúsi að fossi.	126.600.000
Skógafoss / Skógaheiði	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Áframhaldandi vinna við gerð göngustíga á Skógaheiði	75.000.000
Stöng í Þjórsárdal	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Lokaáfangi í lagfæringu byggingar sem verndar rústir þjóðveldisbæjar.	8.000.000
Systrafoss - skógarreitir	Skógræktin	Önnur flokkun	Viðhald á gönguleið og umhverfi	2.000.000
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum / Þinghelgi	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarður	Deiliskipulag áfangi 2. Styrking og uppbygging göngustíga í sunnanverðri Þinghelgi. Gönguleið úr Stekkjargjá, tenging við Vallakrók. Bætt salernisaðstaða og gönguleiðir í Vallakrók.	197.500.000
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum / Þingvallahraun	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarður	3., 4. og 5. áfangi í uppbyggingu stígakerfis í Þingvallahrauni, malarstígar. Hönnun og fyrstu útfærslur göngustígs og útsýnispalls við Hrafnagjá. Deiliskipulag.	50.000.000
Þjórsárver	Umhverfisstofnun	Friðland	Merkingar	2.500.000
Þórsörk og Goðaland	Skógræktin	Á Náttúruminjaskrá	Merkingar, nýframkvæmdir og árlegt viðhald gönguleiða	48.600.000

<b>Ægissíðuhellar</b> (Fjárhellir og Fjóshellir)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Standsetning manngerðra hella, bætt aðgengi (hellulögn, malarlag, náttúrustígur).	8.000.000
<b>Samtals</b>				<b>1.484.200.000</b>




Mynd 6 Suðurland – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022. Punktar sem sýna nýja staði eru skyggðir.

## Suðvesturland

**Tafla 10 Suðvesturland.** Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2020-2022.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2020-2022
Álafoss	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Timburpallur, brú og aðrir verndarinnviðir.	14.000.000
Eldvörp	Grindavíkurbær	Á Náttúruminjaskrá	Bílastæði, göngustígar, tröppur.	14.600.000
Kinnargjár á Reykjanesi	Reykjanesbær	Á Náttúruminjaskrá	Endurbætur á göngustígakerfi (Brúin milli heimsálfa).	41.000.000
Krýsuvíkurbjarg	Hafnarfjarðarkaupstaður	Fólkvangur	Hönnun á ferðamannastað við Krýsuvíkurborg, í samræmi við deiliskipulag.	11.000.000
Tungufoss	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Göngustígur með tröppum frá útsýnisvæði niðri að ánni.	3.000.000
Samtals				<b>92.000.000</b>



**Mynd 7 Suðvesturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2020-2022. Punktar sem sýna nýja staði eru skyggðir.**



## 7.2 Ferðamannleiðir

Gönguleiðir í skilningi landsáætlunar eru að lágmarki tvær dagleiðir og þar af leiðandi er gíst í eina nótt. Unnið er að skilgreiningu á öðrum leiðum, viðfangsefnið þróað áfram og fleiri leiðir teknar inn.

**Tafla 11 Samantekt á áætluðum verkefnum á ferðamannleiðum árin 2020-2022.** Upphæðir koma einnig fram í lista yfir ferðamannastaði á viðkomandi landssvæði.

Leið	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2020-2022
Laugavegur frá Landmannalaugum til Þórsmerkur	Umhverfisstofnun, forsætisráðuneyti (þjóðlendur), Skógræktin, Rangárþing eystra, Ferðafélag Íslands, o.fl.	Friðland, á Náttúruminjaskrá	Laugahringur: Lagfæringar á göngustíg frá Vondugiljaaurum að Brennisteinsöldu.  Smærra viðhald (árlegt) og merkingar  Laugavegur - Tilraunaverkefni um gönguleiðir	51.000.000  750.000  30.000.000
Jökulsárgljúfur - hjólaleið	Vatnajökulsþjóðgarður	þjóðgarður	Stígur frá Ási við Ásbyrgi í átt að Dettifossi gerður aðgengilegur hjólréiðafólki og umferð gangandi og hjólandi ferðafólks þannig aðgreind. 1. áfangi.	10.000.000
þjóðgarðurinn Snæfellsjökull - gönguleiðir	Umhverfisstofnun	þjóðgarður	Framkvæmd - umbætur á gönguleiðakerfi þjóðgarðsins, leiðum fjölgað og merkingar bættar	9.600.000
<b>Samtals</b>				<b>101.350.000</b>

